

Heiti félagsins og markmið

1. gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Álftanesskóla. Félagar eru foreldrar/forráðamenn nemenda í skólanum.

2. gr.

Markmið félagsins er að vinna að heill og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvívetna. Markmiðinu hyggst félagið m.a. ná með því að:

- skapa samstarfsvettvang fyrir foreldra sem eiga börn í skólanum
- efla tengsl heimilis og skóla
- stuðla að velferð nemenda skólans
- koma á umræðufundum um skóla- og uppeldismál
- veita skólanum lið svo aðstæður til náms og félagslegra starfa verði samkvæmt kröfum hvers tíma
- veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólanum
- efla samstarf við foreldrafélög í öðrum skólum í Garðabæ í gegnum Grunnstoð sem er samstarfsvettvangur foreldrafélaga grunnskóla í Garðabæ

Stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla

3. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö foreldrar/forráðamenn sem kosnir eru á aðalfundi. Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn, þrír stjórnarmenn annað árið og fjórir hitt árið. Stefnt skal að sem jafnastri dreifingu stjórnarmanna á milli árganga frá ári til árs.

Bekkjarfulltrúar

4. gr.

Tveir til þrír bekkjarfulltrúar úr röðum foreldra/forráðamanna eru skipaðir til eins árs í senn.

Hlutverk bekkjarfulltrúa er fyrst og fremst að:

- virkja sem flesta foreldra/forráðamenn í starfi innan bekkjarins
- standa vörð um hagsmuni nemenda bekkjarins
- efla tengsl heimila og skóla
- efla samskipti milli nemenda, foreldra og kennara bekkjarins og annarra starfsmanna skólans
- huga að vellíðan nemenda í leik og starfi
- efla árangur í skólastarfinu

Bekkjarfulltrúar innan sama árgangs skulu leitast við að hafa samstarf sín á milli.

Umsjónarkennari aðstoðar stjórn foreldrafélagsins við kjör á bekkjarfulltrúum í upphafi skólaárs.

Aðalfundur

5. gr.

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum þess.

6. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn að hausti rétt eftir skólabyrjun ár hvert og er hann löglegur ef til hans er boðað með minnst viku fyrirvara. Setja skal auglýsingu inn á vef skólans og senda foreldrum/forráðamönnum tölvupóst þess efnis.

7. gr.

Tillögur til breytinga á lögum félagsins skulu sendar aðalstjórn eigi síðar en tíu dögum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar í fundarboði vegna aðalfundar. Tillögur skulu undirritaðar af flytjendum.

8. gr.

Aðalfundur kýs stjórn félagsins samkvæmt 3. gr. þessara laga.

9. gr.

Skoðunarmaður ársreikninga skal vera einn og annar til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnarmenn félagsins eru ekki gjaldgengir í embætti skoðunarmanna ársreikninga.

Dagskrá aðalfundar

10. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Setning
2. Kosning embættismanna fundarins, fundarstjóra og fundarritara
3. Formaður flytur skýrslu aðalstjórnar
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins og greinir frá stöðu söfnunarreikninga nemenda
5. Umræður um skýrslu stjórnar og gjaldkera
6. Lagabreytingar
7. Kosning stjórnar
8. Kosning skoðunarmanns ársreikninga
9. Kosning fulltrúa foreldra í skólaráð
10. Önnur mál
11. Fundarslit

Stjórnarfundir

11. gr.

Skólastjóri boðar nýkjörna stjórn til fundar eigi síðar en viku eftir aðalfund. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skiptir hún nánar með sér verkum (formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og þrír meðstjórnendur).

Félagsfundir

12. gr.

Stjórn foreldrafélagsins undirbýr og boðar til félagsfunda.

Stjórnin boðar bekkjarfulltrúa til fundar að hausti, í upphafi skólaárs, til þess að skipuleggja dagskrá vetrarins. Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni.

Ýmis ákvæði

13. gr.

Stjórn foreldrafélagsins skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma milli einstakra foreldra/forráðamanna og starfsmanna skólans.

14. gr.

Uppgjörstímabil félagsins skal vera frá 15. maí til 14. maí ár hvert.

Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar/forráðamenn greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er ákveðið á aðalfundi.

15. gr.

Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

(Lögunum síðast breytt á aðalfundi þann 21.9.2021)